

1862.

9. aprilm.

við skóla þenna. En stjórnarráðið mun nákvæmar yfirvega, hvort ástæða sé til að gjöra nýja ákvörðun, er leggi hlutað-eigendum á herðar skyldu þá, sem hér er um rætt, og mun yður síðar verða kunngjört, hvað af ráðið verður í því efni; en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kándidata frá prestaskólanum til að taka að sér þessi fátæku brauð, með því að gefa þeim von um, að þeir á eptir skuli fá betri brauð.

9. aprilm.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sekt fyrir brot móti verzlunarlögnum.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá skýrslu yðar, herra amtmaður, í bréfi 18. septemberm. f. á., um að O. V. Simonsen lausakaupmaður hefði í fyrra brotið móti verzlunarlögnum íslenzku, er hann sigldi til Skeljavíkur í Steingrímsfirði innan Strandasýslu og verzlaði þar, þá hefir stjórnarráðið látið rannsókn um þetta efni fram fara yfir honum í sakamála- og lögreglumálaréttinum í Kaupmannahöfn, og hefir hann játað brot sitt, en beðið um, að málið yrði á enda kljád með úrskurði dómsmálastjórnarinnar, en ekki með dómi, og hefir stjórnarráðið þvínæst ákveðið, að hann skuli greiða fyrir yfirsjón sína 20 ríkisdala sekt til sveitarsjóðsins, þar sem brotið var framið.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar.

9. aprilm.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um eignarrætt til reka.

Þér hafð, herra amtmaður, í bréfi 17. septemberm. f. á. beðið um, að stjórnarráðið skæri úr, hverjum bæri eignarrættur